

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf.**

#### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. heyrir undir kjararáð.

#### **II.**

Með bréfi dagsettu 13. september 2012 var framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármála- og efnahagsráðuneytinu og stjórn Fríhafnarinnar ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 1. október 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf.

Í svari stjórnar Fríhafnarinnar ehf. dagsettu 30. september 2012 segir að stjórnin geri engar athugasemdir við þá fyrirætlan kjararáðs að samræma einingaverð mánaðarlegra eininga þeirra sem taka laun eftir ákvörðunum kjararáðs. Hvað varði þau áhrif sem slík samræming kunni að hafa á laun framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. sé hins vegar nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir. Kemur fram í bréfinu að stjórnin hafi haft í hyggju um nokkurt skeið að óska eftir að laun framkvæmdastjórans yrðu endurskoðuð til hækkunar. Komi þar bæði til að umfang starfa framkvæmdastjórans hafi farið mjög vaxandi sem og að stjórnin telji að ef til vill hafi þær upplýsingar sem fyrri stjórn veitti kjararáði áður til að grundvallar ákvörðun um laun framkvæmdastjórans ekki verið fullnægjandi. Í bréfinu kemur fram að stjórnin hafi gert nýjan ráðningarsamning við framkvæmdastjórnann til að skýra betur en áður og ná utan um þær miklu breytingar sem orðið hafi á starfssviði hans.

Í bréfinu er gerð grein fyrir því að í lok árs 2004 hafi orðið breyting á rekstrarformi Fríhafnarinnar þegar Samkeppniseftirlitið hafi úrskurðað að Fríhöfnin yrði að vera sjálfstæður lögaðili. Þá hafi verið ákveðið að stofna dótturfélag um verslunarrekstur Flugsvöðvar Leifs

Eiríkssonar hf. Þar með hefði Fírhafnarverslunin verið að fullu aðskilin rekstri Flugstöðvarinnar, bæði stjórnunar- og rekstrarlega og meirihluti stjórnarmanna óháðir móðurfélaginu.

Beiðni stjórnar Frírhafnarinnar ehf. um endurskoðun launakjara framkvæmdastjórans grundvallast á miklum breytingum á umsvifum Frírhafnarinnar á síðastliðnum árum sem og verkefnum og breytingum sem framundan séu. Í bréfi stjórnarinnar kemur fram að mikil aukning hafi orðið á umsvifum félagsins. Veltan hafi aukist úr fimm milljörðum árið 2010 í rúma sjö milljarða á árinu 2012. Stöðugildum hafi fjölgað um rúm 20 á tímabilinu, en að meðalatali séu um 130 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Þá segir í bréfinu að fjöldi erlendra ferðamanna hafi aukist á hverju ári en helsta markmiðið sé að fá þá til að versla á Íslandi en ekki á flugvöllum nágrannalandanna. Fjölmargir þessara farþega séu svokallaðir skiptifarþegar sem komi aldrei inn í landið og því megi líta á verslunarsvæði Frírhafnarinnar og flugstöðina í heild sem stærsta sýningarglugga landsins fyrir íslenska framleiðslu og hönnun, flugstöðinni og innanlandsmarkaði til hagsbóta. Í bréfinu kemur fram að verslunum hafi fjölgað sem heyri beint undir framkvæmdastjóra. Ein þeirra sé Dutyfree Fashion sem hafi verið yfirtekin árið 2010 af Icelandair. Verslunin hafi verið stækkuð og gagngerar breytingar gerðar á vöruframboði með áherslu á íslenska hönnun. Einnig hafi mikil endurnýjun átt sér stað á þeim verslunum sem fyrir voru sem leitt hafi til söluaukningar.

Í bréfi stjórnarinnar segir að umtalsverð breyting hafi orðið á vöruframboði félagsins, sem meðal annars feli í sér aukin innkaup, lagerhald og vöruþekkingu. Þar sem yfirbyggingu fyrirtækisins sé haldið í lágmarki, þar á meðal hvað varði starfsmenn í innkaupum, heyri ákveðnir vöruflokkar nú beint undir framkvæmdastjóra. Eðli máls samkvæmt leiði þetta til fleiri ferðalaga og aukinnar yfirvinnu. Einnig hafi nýjar sérleyfisverslanir bæst við frá fyrri úrskurði sem kalli á stóraukin bein erlend samskipti.

Í bréfi stjórnarinnar er einnig greint frá því að Fríhöfnin ehf. hafi verið valin eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum ársins 2012 á vegum SFR stéttarfélags í almannapjónustu. Í forsendum fyrir viðurkenningunni hafi meðal annars verið fjallað um Frírhafnarskólann sem einn af lykilþáttunum. Fyrstu lotu af þremur sé lokið og hafi þetta frumkvöðlaverkefni vakið mikla athygli meðal stjórnenda og starfsmanna annarra fyrirtækja. Áralöng kennslureynsla og menntun núverandi framkvæmdastjóra hefði haft mikið um það að segja að skólanum var ýtt úr vör en fyrirtækið hefði ekki haft yfir þeirri sérþekkingu að ráða áður en hann tók til starfa. Þá segir í bréfinu að framkvæmdastjórinn beri ábyrgð á markaðssetningu Frírhafnarinnar, þar með talið að sitja í markaðsráði flugstöðvarinnar með öðrum rekstraráðilum á svæðinu.

Í bréfinu segir einnig að framundan sé stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og því ljóst að breytingar verði á verslunarsvæðinu. Framkvæmdastjóri Frírhafnarinnar ehf. mótar hugmyndir um þær breytingar með stjórnendum Isavia ohf. og feli það í sér aukna yfirvinnu framkvæmdastjórans sem beri að greiða sérstaklega fyrir enda nýtist þekking hans og reynsla vel til þeirra verka.

Í bréfi stjórnarinnar segir jafnframt að þegar litið sé á skipurit móðurfélagsins Isavia ohf. og Frírhafnarinnar hf. megi sjá að yfirbygging félagsins sé ekki mikil. Fríhöfnin ehf. sé sjálfstætt einkahlutafélag og framkvæmdastjóri beri sömu ábyrgð og hafi sömu skyldur gagnvart stjórn og forstjórar á almennum markaði. Þrátt fyrir það sé framkvæmdastjórinn á umtalsvert lægri meðallaunum en til dæmis næstráðendur innan móðurfélagsins. Stjórn Frírhafnarinnar ehf. telur að framkvæmdastjóranum hafi verið úrskurðuð of lág laun á árinu 2010 og fer fram á að þau launakjör verði leiðrétt. Er þess óskað að kjararáð meti hin viðamiklu verkefni framkvæmdastjóra, menntun hans og reynslu sem hiklaust megi telja að hafi skilað umtalsverðri tekjuaukningu. Augljóst sé að laun framkvæmdastjórans séu á engan

hátt samkeppnishæf við laun í svipuðum atvinnurekstri. Fríhöfnin ehf. sé í mikilli samkeppni við erlendar flugstöðvar um verslun ferðamanna og mikill tími framkvæmdastjóra fari í að skoða samkeppnisaðila erlendis og leita leiða til þess að færa verslunina í enn ríkara mæli inn í landið. Einnig þurfi að huga að því að framkvæmdastjóri megi ekki líða fyrir það að Samkeppniseftirlitið skuli hafa úrskurðað um rekstrarform félagsins. Miðað við óbreytt fyrirkomulag væri framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar janfsettur framkvæmdastjórum móðurfélagsins og hefði fylgt þeim eftir í launaþróun. Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf. sé hins vegar æðsti stjórnandi félagsins og heyri beint undir stjórn, en framkvæmdastjórar móðurfélagsins heyri undir forstjóra þess.

Með bréfi dagsettu 8. október 2012 fékk framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf. send svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stjórnar Fríhafnarinnar ehf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Athugasemdir bárust ekki.

### III.

Fríhöfn hefur verið rekin á Keflavíkurflugvelli frá árinu 1958. Fríhöfnin var hluti Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. frá 2000-2005, en þá var stofnað sérstakt dótturfélag um rekstur verslana með tollfrjálsan varning í flugstöðinni, Fríhöfnin ehf., sem síðar varð dótturfélag Keflavíkurflugvallar ohf. Eftir að Keflavíkurflugvöllur ohf. sameinaðist Flugstöðum ohf. í Isavia ohf. er Fríhöfnin nú dótturfélag Isavia ohf. Fríhöfnin ehf. rekur verslanir á nokkrum stöðum í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Í ráðningarsamningi milli framkvæmdastjóra og Fríhafnarinnar ehf. sem endurnýjaður var 12. júní 2012 er ítarlega gerð grein fyrir ábyrgðarsviði framkvæmdastjórans. Þar kemur fram að framkvæmdastjóri hafi yfirumsjón og beri ábyrgð á öllum rekstri Fríhafnarinnar, komi fram út á við fyrir hönd félagsins og sé talsmaður þess. Hann heyrir undir og ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri mótar stefnu félagsins í samráði við stjórn, gerir rekstraráætlun félagsins í samráði við fjármálastjóra og leggur hana fyrir stjórn. Hann er ábyrgur fyrir nýjum sérverslunum félagsins, gætir að innkaupum í þeim og lagerhaldi og sér til þess að birgðir félagsins séu í takt við mótaða stefnu félagsins. Framkvæmdastjóri mótar sölu- og vörustefnu félagsins í samvinnu við framkvæmdaráð. Hann ber ábyrgð á að reglulega séu nýjungar í vöruframboði í verslunum félagsins og skal sjá til þess að ákveðinn hluti vöruframboðs endurnýist ár hver í takt við stefnu félagsins. Framkvæmdastjóri mótar stefnu og ber ábyrgð á allri markaðssetningu bæði inn á við og út á við, þar með talið heimasíðu félagsins og rafrænu tímariti þess. Hann á sæti í markaðsráði flugstöðvarinnar, en er heimilt að veita öðrum umboð til setu þeirra funda. Allar stærri ákvarðanir í markaðsráði skulu ávallt bornar undir framkvæmdastjóra félagsins. Þá mótar framkvæmdastjóri stefnu í starfsmanna-, menntunar- og fræðslumálum félagsins í samráði við mannauðsstjóra og leggur áætlun þar að lútandi undir stjórn félagsins. Hann ber ábyrgð á Fríhafnarskólanum og gætir þess að markmið hans séu uppfyllt í samráði við mannauðsstjóra.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki

þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljótast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. laun hinn 19. maí 2010. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfi framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010. Með bréfi formanns stjórnar Fríhafnarinnar ehf., dagsettu 3. september 2010, var kjararáði tilkynnt um ráðningu nýs framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. og óskað eftir að kjararáð endurúrskurðaði um starfskjör framkvæmdastjórans. Í ljósi þess að í hinum upphaflega úrskurði kom fram að hann gildi aðeins um þann sem þá sinnti starfinu, var ákveðið hinn 26. október 2010, að mánaðarlaun framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. skyldu áfram vera óbreytt, en þar sem áðurgreind meðalhófssjónarmið áttu ekki við lengur var ákveðið að fækka mánaðarlegum einingum framkvæmdastjórans og færa laun hans þannig að fullu til samræmis við laun annarra sem undir ráðið heyra. Í ljósi þess að sú endurskoðun á einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra og sem boðuð var eftir 1. desember 2010 hafði ekki farið fram, ákvað kjararáð á fundi hinn 13. maí 2011 að frá og með 6. september 2010 skyldi greiða framkvæmdastjóranum sama einingafjölda og fyrri framkvæmdastjóra var ákvarðaður.

Með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áðurnefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á starfsemi Fríhafnarinnar ehf. frá því framkvæmdastjóra voru síðast ákveðin laun og þess að ábyrgðarsvið hans hefur aukist með nýjum ráðningarsamningi verður fjöldi eininga óbreyttur.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf.

Laun og starfskjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. skulu vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-133, nú 715.235 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson